Föstudaginn 9. mars 1923.

Nr. 5/1923. **Valdstjórnin**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Magnúsi Þorsteinssyni.
(Björn P. Kalman).

Brot á samþykt nr. 124/1918 um lokunartíma sölubúða í Reykjavík.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 30. nóv. 1922: Kærður Magnús Þorsteinsson greiði 30 króna sekt í bæjarsjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að búð kærða, sem hefir á boðstólum vörur, sem verslunarleyfi þarf til að versla með, hefir verið opin fram yfir lögleyfðan tíma, hefir kærði gjörst brotlegur gegn samþykt nr. 124/1918 og með því að sekt sú, sem honum er gjörð fyrir þetta í lögreglurjettardóminum, þykir hæfilega metin, þá ber að staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða kostnað sakarinnar fyrir hæstarjetti, þar á meðal sóknar- og varnarlaun til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærði, Magnús Þorsteinsson, greiði málskostnað fyrir hæstarjetti, þar á meðal sóknarlaun til málflutningsmanns Guðm. Ólafssonar og varnarlaun til

málflutningsmanns Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Magnúsi Þorsteinssyni, kaupmanni, Vesturgötu 20 hjer í bænum fyrir brot á samþykt nr. 124, 22. október 1918 um lokunartíma sölubúða í Reykjavík.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játning kærðs að hann ásamt Brynjólfi Árnasyni kaupmanni hafi opna sælgætisverslun í Austurstræti nr. 5 hjer í bæ og hafi kærður umsjón með versluninni. Verslun þessi hefir aðallega til sölu innlent konfekt og súkkulaði frá súkkulaði- og konfektgerðinni „Freyja“ hjer í bæ, en auk þess nokkuð af erlendu konfekt og súkkulaði og kveðst hann ekki vita til að af hinni erlendu vöru sje selt eftir kl. 7 á kvöldin, því hann hafi gefið búðarstúlkunni skipun um að gjöra það ekki. Hinsvegar er það til sýnis í búðinni þar til henni er lokað, sem er kl. 11 á kvöldin. Álítur hann sig ekki hafa brotið umrædda samþykt af þessum ástæðum.

Eftir íslenskum rjetti verður að telja að verslunarleyfi þurfi til að hafa opna sölubúð til að versla með erlendan varning. En samkvæmt 1. gr. nefndrar samþyktar ber að loka slíkum búðum kl. 7 að kveldi virka daga, og þetta boð tekur til allra verslana í Reykjavík, sem versla með vörur þær, er verslunarleyfi þarf til að selja, sbr. 4. gr. samþyktarinnar.

Spurningin er því að eins sú, hvort kaupmaður með því að hafa einnig til sölu íslenskar afurðir eða varning, sem þarf ekki verslunarleyfi til að selja, geti með því að stansa sölu útlenda varningsins haft búðina opna lengur en tilskilið er í samþyktinni.

En á það getur rjetturinn ekki fallist. Með því móti væri ómögulegt að hafa eftirlit með að samþyktinni væri fylgt, því ekki þyrfti annað en versla með eina íslenska vörutegund til að mega hafa sölubúðir opnar í bág við ákvæði samþyktarinnar. Að áliti rjettarins er um tvent að velja, annaðhvort að selja bæði innlendar og erlendar vörur eftir verslunarleyfi og fylgja þá lokunarákvæði samþyktarinnar eða selja eingöngu innlendar afurðir og nær samþyktin þá ekki til slíkrar „verslunar“.

Að áliti rjettarins hefir kærður því brotið 1. gr. samþyktar nr. 124, 22. október 1918 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir 7. gr. hennar hæfilega ákveðinn 30 króna sekt er renni í bæjarsjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 19. mars 1923.

Nr. 20/1922. **Hjálmar Guðjónsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Pjetri Guðmundssyni, Sigbirn Björnssyni, Sigríði Eiríksdóttur, Vilborgu Stefánsdóttur, Bjarna Þ. S. Skaptfell og Halldóri Jónssyni (Jón Ásbjörnsson),

um forkaupsrjett að húseign og skaðabætur út af sölu hennar.

Dómur aukarjettar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 14. nóv. 1921: Stefndu, Pjetur Guðmundsson, Bjarni Þ. S. Skaptfell, Sigbjörn Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir, Vilborg Stefánsdóttir og Halldór Jónsson, eiga að vera sýkn af kröfum sækjandans, Hjálmars Guðjónssonar, í máli þessu. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var í fyrstu dæmt í hjeraði 8. ágúst 1919, en sá dómur var með dómi hæstarjettar 18. júní 1920 ómerktur og málinu vísað frá undirrjettinum.